

Sp.

57. Nefndarálit

[25. mál]

um till. til þál. um friðun rjúpu.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur fengið til meðferðar till. þá til þál., er um ræðir hér að ofan, en hún fer fram á, að Alþingi ítreki ályktun sína frá síðasta þingi um alfriðun rjúpna næstu 5 ár.

Síðasta Alþingi samþykkti með samhljóða atkvæðum að fela ríkisstjórninni alfriðun rjúpunnar, svo sem segir hér að framan, en svo sem segir í greinargerð fyrir þeirri þáltill., sem nú liggur fyrir, hefur alþingismönnum borizt bréf menntamálaráðherra frá 20. sept. s. l., og er þar neitað að taka samþykkt síðasta Alþingis um þetta efni til greina, nema hún sé endurnýjuð á þessu þingi.

Skv. l. nr. 59 frá 10. nóv. 1913, um friðun fugla og eggja, skal rjúpan vera friðuð frá 1. jan. til 15. okt., og hefur ríkisstjórnin heimild til þess að friða rjúpuna allt árið, ef henni fækkar svo, að ástæða þyki til alfriðunar hennar. Þessi heimild nær til eins árs í senn, og þyrfti því, til þess að fullnægja ályktun síðasta þings, að gefa út reglugerð árlega þau 5 ár, er um ræðir, til alfriðunar þessum fugli.

Lengi má sennilega deila um það, hvort ljóst sé, að rjúpunni fækki eða fjölgi á stuttu árabili, þó að þessi varnagli sé til fyrir notkun á friðunarheimild laganna. Hitt er víst, að hér liggur það fyrir, að Alþingi hefur samhljóða lagt fyrir ríkisstjórnina að nota heimild þá til friðunar, sem fyrir hendi er, og virðist harla óviðkunnanlegt, að ríkisstjórnin færir undan því að verða við yfirlýstum vilja þingsins í svona máli.

Meiri hlutinn lítur svo á, að því verði að treysta, að ríkisstjórnin virði vilja þingsins í þessu efni sem öðru, og leggur því til, að þáltill. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin gefi nú þegar út reglugerð, er banni rjúpnaveiðar á þessum vetri, tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 20. okt. 1950.

Jóhann P. Jósefsson,
form., frsm.

Jón Gíslason,
fundaskr.

Stefán Stefánsson.

Finnur Jónsson.